

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 118 – 04.05.2009

Mánudaginn 4. maí, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Sæmundarhlíð
2. Viðbragðsáætlun vegna farsóttar
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram fundargerð frá 28.04.09 vegna opunar tilboða í efnisþátt hitaveitu í Sæmundarhlíð.
Eftirfarandi tilboð bárust:
Set ehf 158.157,88 eur án vsk
Ísrör ehf. 179.853,91 eur án vsk
Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að fresta ákvörðunartöku um tilboðin.
Lagðir fram nýir hagkvæmnisútreikningar frá Kristjáni Jónassyni KPMG Sauðárkróki vegna hitaveitunnar.
Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að fresta hitaveituframkvæmdum í Sæmundarhlíð um óákveðin tíma. Forsendur frestunnar eru: Niðurstöður úr efnisútbóði, endurskoðun á kostnaðaráætlun sem leiða munu til tvöföldunar á heimæðargjöldum og ótryggt efnahagsástand. Formanni stjórnar og veitustjóra falið að tilkynna íbúum í Sæmundahlíð bréflaga þessa ákvörðun.
2. Páll Pálsson lagði fram viðbragðsáætlun vegna farsóttar, stöðuskýrslu unnin af Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen hf. í október 2006 fyrir Samorku. Samþykkt að fela formanni og veitustjóra að ganga frá viðbragðsáætlun fyrir Skagafjarðarveitur ehf.
3. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.05
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)